

Ársskýrsla Flensborgarskólans 2014



EFNISSKRÁ

1	Talnafræði skólans	3
2	Námsframboð	5
3	Markmið og staða mála	6
4	Meginsóknarfæri skv. sjálfsmatsskýrslu.....	6
5	Afkoma – rekstrarstaða – vinna með það.....	6
6	Brottfall og námsárangur	6
7	Stjórnun - teymi	7
8	Samvinna við aðrar stofnanir	7
9	Sérstakar áherslur og markmið skólans	8
10	Lokaorð	8
11	Viðaukar	10
11.1	Bréf til ráðherra mennta- og menningarmála o.fl. 1/12 2014.	10
11.2	Rekstraryfirlit	10
11.3	Skólaslitaræða vor 2014.....	10
11.4	Skólaslitaræða haustönn 2014.....	16

1 TALNAFRÆÐI SKÓLANS

Af bóknámsskóla að vera þá er Flensborgarskólinn ótrúlega flókin stofnun. Aðalnámsframboðið er nám til stúdentsprófs en að auki er starfandi starfsbraut, úrræði fyrir nemendur sem illa standa við lok grunnskóla og margháttuð þjónusta við nemendur sem koma með greiningar til skólans. Skólinn er enn leiðandi skóli í verkefninu Heilsuefandi framhaldsskóli.


Húsnæði skólans er óbreytt frá síðasta ári. Heildar hús skólans á Hamrinum eru 7.116 m² en að auki kaupir skólinn aðgang að íþróttahúsum bæjarins.


Á haustönn 2014 voru 83 starfsmenn við skólann, þar af var einn í launalausleyfi, einn í námsleyfi og fimm í langtíma veikindaleyfi.

Af þeim 83 voru 63 í KÍ og 19 í öðrum stéttarfélagum, auk skólameistara. Alls voru sex í hlutastarfi, þrjú kennarar og þrjú aðrir starfsmenn, aðrir voru í fullu starfi. Allir kennarar eru með leyfisbréf.

Aldur	kvk	kk
20-29	2	1
30-39	8	5
40-49	22	4
50-59	22	4
60-69	7	7

Í tveimur myndum hér að neðan má sjá hópanýtingu undanfarnar annir. Á árinu 2014 var hún 99,7% á haustönn og 88,0% á vorönn. Tölurnar eru teknar eftir að um mánuður var liðinn af önninni.





Um miðjan október 2014 voru 819 nemendur skráðir í nám við skólann. Þar af voru 29 nemendur eingöngu í fjarnámi og 44 grunnskólanemendur. Aðrir nemendur skólans, 746 talsins, skiptust á námsbrautir sem hér segir:

Braut	Fjöldi	Hlutfall
Almenn námsbraut	80	10,7%
Starfsbraut	26	3,5%
Bóknámsbrautir til stúdentsprófs		
Félagsfræðibraut	226	30,3%
Félagsfræðibraut - íþróttafrekssvið	61	8,2%
Félagsfræðibraut - íþróttasvið	9	1,2%
<i>Félagsfræðibraut alls</i>	<i>296</i>	<i>39,7%</i>
Málabraut	40	5,4%
Málabraut – íþróttafrekssvið	5	0,7%
Málabraut – íþróttasvið	2	0,3%
<i>Málabraut alls</i>	<i>47</i>	<i>6,3%</i>
Náttúrufræðibraut	134	18,0%
Náttúrufræðibraut - íþróttafrekssvið	50	6,7%
Náttúrufræðibraut – íþróttasvið	1	0,1%
<i>Náttúrufræðibraut alls</i>	<i>185</i>	<i>24,8%</i>
Viðskipta- og hagfræðibraut	68	9,1%
Viðskipta- og hagfræðibraut – íþróttafrekssvið	35	4,7%
Viðskipta- og hagfræðibraut – íþróttasvið	2	0,3%
<i>Viðskipta- og hagfræðibraut alls</i>	<i>105</i>	<i>14,1%</i>
Nemendur á bóknámsbrautum til stúdentsprófs, alls	633	84,8%

Aðrar brautir		
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	0,1%
Fjölmiðlabraut	2	0,3%
Viðbótarnám til stúdentsprófs af fjölmiðlabraut	4	0,5%

Alls var 161 nemandi skráður á afreksípróttasvið, eða 21,6% nemenda skólans. Af þeim eru 10 á almennri námsbraut og koma ekki fram í tölunum hér fyrir ofan. Að auki voru 14 nemendur skráðir á ípróttasvið, sem byggir að mestu á ípróttafraeði. Alls eru því 22% nemenda í ípróttatengdu námi.

Á vorönn voru 85 brautskráðir. 34 voru á félagsfræðibraut, sex á málabraut, 23 af náttúrufræðabraut, átta af viðskipta- og hagfræðibraut, fjórir luku viðbótarnámi til stúdentsprófs, sjö af starfsbraut og 2 starfsnámi af fjölmiðlabraut. Af þessum voru fjórtán með ípróttafrekssvið og einn með ípróttasvið. Einn lauk stúdentsprófi af tveimur brautum.

Á haustönn voru brautskráðir 74 nemendur. Í þessum hópi eru 36 nemendur af félagsfræðibraut, sex af málabraut, 19 af náttúrufræðibraut, átta af viðskiptabraut og fimm að ljúka viðbótarnámi til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum. Fjórtán eru með ípróttasvið og ípróttafrekssvið til viðbótar.

Fleiri myndir um talnafræði verða í viðauka aftan við.

2 NÁMSFRAMBOÐ

Skólinn býður upp á nám af nokkrum brautum. Árið 2014 voru þessar í boði:

Námsbrautir í boði eru sem hér segir:

Almenn námsbraut	AN2*
Félagsfræðabraut 140 ein.	FÉ, FÉ-ÍA, FÉ-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Viðskipta- og hagfræðibraut 140 ein.	VH, VH-ÍA, VH-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Málabraut 140 ein.	MB, MB-ÍA, MB-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Náttúrufræðibraut 140 ein.	NÁ, NÁ-ÍA, NÁ-ÍÞ (þrjár leiðir)**
Starfsbraut	ST1
Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	VSS

* AN2 er skammstöfun almennrar brautar fyrir nemendur sem þurfa upprifjun í einhverjum samræmdum greinum grunnskólaprófs.

** ÍA er skammstöfun fyrir ípróttafrekssvið og ÍÞ er skammstöfun fyrir ípróttasvið.

***Fyrir nemendur sem lokið hafa upplýsinga- og fjölmiðlabraut.

Öllum stúdentsbrautum fylgja tveir möguleikar á kjörsviði til viðbótar grunnkjörsviði. Um er að ræða kjörsvið ípróttasviðs og ípróttafrekssviðs. Auk þess geta nemendur nýtt nám úr viðurkenndum listaskólum á sambærilegan hátt inn í stúdentsprófið. Nemendur sem velja ípróttafrekssvið á braut verða að skrifa í athugasemdir, ípróttagrein og ípróttafélag. Þessi möguleiki er bundinn við að viðkomandi ípróttafélag eða deild hafi gert samkomulag við skólann.

3 MARKMIÐ OG STAÐA MÁLA

Markmið skólstarfsins eru rakin í viðauka skólasamnings. Þau eru nánar útfærð í sjálfsmatsskýrslu 2014.

Samkvæmt henni hefur gengið vel að uppfylla flest og mörg önnur til en þau sem erfiðast gengur að ná upp eru fjármál, en það var ekki talið eitt markmiða samningsins.

4 MEGINSÓKNARFÆRI SKV. SJÁLFSMATSSKÝRSLU

Helstu niðurstöður eru þær að almenn ánægja er með Flensborgarskólann og starf hans meðal nemenda, foreldra og starfsmanna. Þessir hópar treysta stjórnendum, flestir telja aðstæður góðar og fagmennsku mikla.

Veikir hlekkir snerta launamál, tölvukerfi, sem og vandamál með einstaka starfsmenn, viðhorf þeirra og framgöngu. Sjálfsímynd skólans er ekki nógu sterk eða í samræmi við það sem þar fer fram. Skólinn er heimaskóli, héraðsskóli og úrræði þeirra sem geta ekki komist annað.

Langveikasti þáttur starfsins, eins og lesa má í ársreikningi er fjármálin. Það ferli þarf að skoða frá grunni.

5 AFKOMA — REKSTRARSTAÐA — VINNA MEÐ ÞAÐ

Rekstur skólans, fjárhagslega séð, hefur gengið illa. Frá sjónarhóli skólans snýr það að eftirtöldu:

1. Fjárveitingar eru ekki í samræmi við þjónustukröfur sem gerðar eru til skólans.
2. Starfsbraut er þung í rekstri.

Þegar skoðaðar eru tölur um nýtingu og hagræðingu þá kemur í ljós að ekki verður lengra gengið án þess að skera niður þjónustu.

Sjónarmið stjórnvalda er að skólinn eigi að halda sig innan heimilda. Skólameistarar, núverandi og fyrrverandi, hafa kallað eftir stuðningi og ábendingum um lausnir en næsta fátt borist af tillögum. Misvísandi kröfur koma svo frá ráðuneytinu. Þar á að spara, smíða nýja námskrá, hagræða, seetja upp dýr námsúrræði o.s.frv.

Sett hefur verið upp fundaröð um málin með fjármálaskrifstofu og hafa stjórnendur unnið þykkan pakka gagna. Þá var ritað bréf til ráðherra mennta- og menningarmála, fjármálaráðherra og formanns fjárveitinganefndar alþingis um málið. Þessir síðastnefndu hafa ekki brugðist við ákalli um aðstoð, sem er reyndar stefið í þessu máli öllu saman. Á árinu 2013 voru teknar mjög afdrifaríkar ákvarðanir og fækkað í starfsmannahópnum um sex starfsmenn.

Sumar þær ákvarðanir sem nú liggja fyrir verða ekki teknar nema með aðkomu ráðuneytisins.

6 BROTTVARF OG NÁMSÁRANGUR

Brotthvarf nemenda innan annar hefur verið reiknað. Á vorönn voru skráðir til leiks 759 nemendur. 43 nemendur sögðu sig úr áföngum eða frá námi. Úrsagnir úr áföngum samsvara 232 einingum eða

6,8 ársnemendum en að auki sögðu 37 sig úr skóla, eða var vísað úr skóla. Sumir þessara voru nemendur sem aldrei skiluðu sér. Þetta jafngildir 5,8% brotthvarfi á vorönn.

Á vorönn voru 759 nemendur við nám og luku önninni með meðaleinkunnina 6,35. Að auki voru metnar inn einingar annars staðar frá fyrir 99 nemendur.

Haustönn gekk verr, sem kannski sannar að verkföll draga dilk á eftir sér. Þá sögðu sig frá áföngum eða úr skóla 95 nemendur. Úr áföngum sögðu sig 6,6 ársnemendur en að auki hurfu frá námi 53 af eigin hvötum eða var vísað frá. Þetta jafngliti hamförum í brotthvarfssögu skólans eða 7,7% brotthvarfi.

Á haustönn voru við nám 766 nemendur og luku önninni með 6,42 en að auki fengu 190 nemendur metna áfanga annars staðar frá.

Skólinn á heldur undir högg að sækja aðsóknarlega séð og er verið að vinna þar mikið starf.

7 STJÓRNUN - TEYMI

Yfirstjórn

Skólameistari ber ábyrgð á rekstri skólans eins og lýst er í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hann heldur vissum atriðum hjá sér en framselur önnur til annarra yfirmanna, eftir því sem við á. Þeir bera því ábyrgð gagnvart honum um þau mál.

- Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara.
- Áfangastjóri hefur sérstaklega með að gera skipulag skólastarfs, námsferla nemenda og gagnaskráningu.
- Fjármálastjóri sér um fjárhagsbókhalð skólans, greiðir reikninga og sér um innheimtu, hefur með áætlanagerð að gera og annast launabókhalð skólans ásamt mannauðsstjóra.
- Mannauðsstjóri hefur með málefni starfsmanna að gera. Sérverkefni mannauðsstjóra er verkefnastjórnun Heilsueflandi framhaldsskóla (breyttist um áramótin 2014/2015).

Aðrir stjórnendur með mannaforráð:

- Forstöðumaður mötuneytis sér um rekstur mötuneytis, mönnun, opnun o.s.frv.
- Forstöðumaður bókasafns sér um rekstur bókasafns, mönnun, opnunartíma o.s.frv.
- Þjónustustjóri sér um rekstur vegna ræstinga, mönnun, starfsskipulag o.s.frv.
- Sviðsstjórar eru næstu yfirmenn kennara.
- Fagstjórar eru á starfsbraut, í íslensku, ensku, stærðfræði og íþróttum. Þeir sjá um málefni kennara í þessum greinum skv. nánari lýsingum.

Sjá nánar á vef skólans.

8 SAMVINNA VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Flensborgarskólinn starfar náið með ýmsum stofnunum. Fyrir utan Mennta- og menningarmálaráðuneytið má nefna Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar, en það samstarf gengur út á að halda utan um nemendur sem eru undir verndarvæng beggja aðila. Þetta samstarf er flókið og oftast en ekki velta starfsmenn skólans, sem að því koma, fyrir sér hvenær skólinn sé félagslegt úrræði og hvenær menntastofnun. Sama gildir í raun um fjölda mála er snerta heilbrigðismál. Raunar kemur fram í Brotthvarfsskýrslu MRN vor og haust 2014 að heilsufarsþættir séu í vaxandi mæli talin skýring á brotthvarfi.

Skólinn starfar einnig með Götuvitanum og Litla hópi sem eru verkefni sem snerta starf og líf ungmenna utan skólans.

Þá er samstarf við FG og Iðnskólann um fjölmörg mál.

Skólaárin 2013-14 og 2014-15 var mikil vinna lögð í verkefni sem heitir Bæjarbrúin og er samstarfsvettvangur Skólaskrifstofu, grunnskólanna og Flensborgarskólans. Um er að ræða skilgreiningar á þjónustu sem markar sveigjanleg skólaskil, ekki síst fyrir bráðgera nemendur. Einnig hefur skólinn beitt sér fyrir samtali við stjórnendur og kennara Grunnskóla Hafnarfjarðar um skólaskil grunnskóla til framhaldsskóla.

Skólinn starfrækir í þrótaafrekssvið ÍAS, sem er líklega það stærsta sinnar gerðar í landinu. Það gengur afar vel.

Skólinn starfar náið með Embætti landlæknis um verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli. Enn er kallað eftir samstarfsvilja ráðuneytis mennta- og menningarmála þar að lútandi. Í tengslum við þa var sett upp greiðsluferfið Matráður og stofnað til skólaskírteina. Verkefnið var unnið af Advania og verður að segjast eins og er að skólameistari hafði litla ánægju af því mikla vinnuálagi sem lagðist á skólann vegna þess og vinnulags Advania. Ekki er sérlegur áhugi á frekara samstarfi við þá.

Að auki starfar skólinn með fjölmörgum aðilum, s.s. stéttarfélögum, samtökunum Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs o.fl.

Kór skólans er í fjölda samstarfsverkefna, heima og erlendis og hefur unnið til viðurkenninga. Flensborgarkórinn, sem er kór eldri nemenda, hefur unnið til fjölda verðlauna erlendis. Kórstjóri er Hrafnhildur Blomsterberg, sem einnig hefur fengið miklar viðurkennigar fyrir starf sitt.

Sama má segja um NFF Nemendafélag skólans.

Mikil vinna hefur verið lögð í stefnumótun, námskrá og þar með um leið markaðssetningu og samstarf við sveitarfélagið.

9 SÉRSTAKAR ÁHERSLUR OG MARKMIÐ SKÓLANS

Öll þessi atriði eru aðgengileg á vef skólans - <http://www.flensborg.is/Skolinn/>.

10 LOKAORÐ

Árið 2014 hefur tekið á sálartaugarnar. Ég ætla ekki að orðlengja um verkfallið, vorið 2014 og skaðann af því. Engu að síður er það brýnt, að skapa frið í skólunum og aðstæður til þróunar. Það er óþolandi sá stanslaus ófriður sem hefur ríkt um launakjör, þjónustu framhaldsskóla, elítuskólakerfið sem fær að standa óhreyft hvað sem á gengur, vinnumatið, námskrána og svo framvegis. Sama má segja um fjármálin, endurtekin inngrip og óljós skilaboð, sem og óraunhæfar kröfur um sparnað.

Vitna ég þar til tveggja aðila. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um reiknilíkan framhaldsskólanna er bent á mikilvægi þess að stjórnvöld skilgreini hvaða þjónustu eigi að kaupa af skólunum, sem ekki sé gert. Hin eru athugasemd Andy Hargreaves sem hélt erindi á frábærri ráðstefnu haustið 2014 hér á landi. Hann hóf ræðu sína nánast með þessum orðum: „Minister, take bad pay off the table.“

Og talandi um laun þá er athyglisvert að skoða útreikninga ársins. Launaforsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir 520 mio króna í launagreiðslur. Hækkarnir sem urðu á árinu 2014 gáfu til kynna að heildarkostnaður gæti orðið 560 mio. En uppreiknuð laun skv. Orra voru 535 mio. Þarna liggur nærri að sé um 4-5% skekkja. Þegar farið er eftir raunverulegum launatöxtum skólans, sem að mestu leyti eru ákveðnir af stjórnvöldum, kemur í ljós að heildarlaun greidd voru 621 mio. Þarna er um 14% munur milli forsendna reiknilíkans og raunveruleikans. Ef miðað er við fjárlög og launatölur þá eru þarna skekkjumörk upp á 70 til 90 milljónir, eftir forsendum. Í þeim nauma rekstri sem hér er stundaður þá er þess varla að vænta að slík skekkja verði annað er hreinn halli, þegar upp er staðið.

Það að allir skólarnir séu að glíma við sömu verkefni hefur gert það að verkum að á stundum eru vinnuaðstæður slíkar að ekki verður við búið. Stjórnkerfi skólanna eru alltof veik að þessu leyti.

Það er því, í ljósi aðstæðna, merkilegt hversu vel starfsfólk Flensborgarskólans vinnur saman að góðum málum, þrátt fyrir aðstæður. Kom það berlega í ljós á Flensborgardaginn 1.10.2014 þegar tugir starfsmanna tóku sig saman um að gera myndband til að gleðja sjálfa sig og aðra. Ef ekki væri þessi mannauður og samheldni þá væri þessi skóli ekki sú þjónustustofnun sem hann er og fagmennskan ekki jafn mikil og hún er. Flensborg á sér langa sögu og merkilega. Starfsmenn skólans leiddu þá byltingu þegar skólastarf og námsgreinar urðu til, auk þess að byggja upp kennaramenntun á þar síðustu öld. Auk þess var samfélagslegt verkefni hans vel skilgreint eins og lesa má í ræðum sem hér fylgja með. Hann var aftur í forystu fjölbrautabyltingarinnar sem er mjög vanmetin í allri umfjöllun um skólastarf. Og enn er skólinn í fremstu röð, að þessu sinni við að skipuleggja Heilsueflandi framhaldsskóla verkefnið fyrir íslenska framhaldsskóla, núvitund og hugarró, tengsl skóla og samfélags auk þess að þróa þjónustu sem er án efa í fremstu röð, fyrir alla nemendur, ekki eingöngu þá sem enga hjálp þurfa.

Það er alveg ratljóst að hér er gætt fyllstu hagræðingar, reynt að efla fagmennsku og skólasýn fyrst og síðast og þess gætt að allt starfið sé í eins góðum vinnuramma og framast er unnt. Til að það geti haldið áfram að þróast þarf að losa skólann úr þeim fjárhagsviðjum sem hann er í. Þar má velja aðra af tveimur leiðum. Hægt er að reikna af meiri sanngirni framlög til skólans, sem taka mið af þjónustustigi hans. Hin fæli það í sér að grafa undan starfi hans og hindra að framsækni og fagmennska fái að byggjast upp.

Við finnum metnað og afl í hverju horni, með starfi nemendafélagsins, námskrárvinnu og margskonar þróunarvinnu. Við göngum til starfa af heilum hug, með það að leiðarljósi að Flensborg sé fyrst og fremst.

Og þannig á að gera hlutina.

Hafnarfirði, mars 2015

Magnús Þorkelsson, skólameistari

11 VIÐAUKAR

11.1 BRÉF TIL RÁÐHERRA MENNTA- OG MENNINGARMÁLA O.FL. 1/12 2014.

Bréf þetta var sent með rekstraráætlun. Það hefur enga málefnalega umfjöllun fengið.

Kemur hér aftan við

11.2 REKSTRARYFIRLIT

Hangir við.

11.3 SKÓLASLITARÆÐUR ÁRSINS MEÐ YFIRLITI UM STARFIÐ.

11.3.1 Skólaslitaræða vor 2014 -- stytt

Ágætu gestir, formaður skólanefndar, útskriftarefni og starfsmenn

Hér skal eld á arni finna, / æska þessa lands / trú á lífið, trú á manninn / trú á þroska hans

Þetta orti skáldið Örn Arnar um Flensborgarskólann í tilefni af nýju húsi skólans árið 1937. Þetta var stórviðburður í litlu þorpi í lok kreppunnar miklu og þessi hugsun skáldsins er svo tímalaus að við gætum notað hana enn til að lýsa kjarnanum í starfi okkar - trú á lífið – trú á manninn.

Þegar horft er til baka yfir þetta skólaár sem er að líða, skólaár umbreytinga og átaka, þá hefur aðalmarkmiðið verið að varðveita þennan kjarna. Í óróa nútímans þar sem afþreyingin er stöðugt í hendi manns í síma, spjaldi eða hvers slags raftækjum, með sínu myndaréiti og hljóðum vegna skilaboða eða annars þá er þörf fyrir að muna þennan kjarna sem að ofan var nefndur og þjálfva okkur sjálf í að leita augnabliksins, njóta stundarinnar í næði og ein með okkur sjálfum. Þetta viljum við m.a. kenna starfsfólki skólans og nemendum okkar. Við köllum það núvitund eða Mindfulness og finnum á sjálfum okkur og þeim sem fá að reyna hversu gefandi þetta næði er.

Skólinn hefur setið undir frekar neikvæðri umræðu í fjölmiðlum þetta síðasta ár. Það eru dregnar upp myndir af vondri fjármálastöðu og fleiru, sem er sosum allt satt. En á sama tíma má ekki gleyma öllu því góða sem héðan hefur komið og Hrefna sagði frá í örfáum dæmum, og því góða starfi sem hér fer fram þrátt fyrir veraldleg vandamál. Ekki það ég vilji gera lítið úr veraldlegum vandamálum. Við eigum að vera hluti af þorpinu sem elur barnið. Og við viljum rækta gott mannfólk, fólk sem lætur sig varða... um samborgara sína og veit að til að sá sem gefur af sér fær mun meira út úr lífinu en sá sem eingöngu þiggur.

Framan af vetri olli það vissu umróti að miklar breytingar urðu í yfirstjórn skólans. Annað sem truflaði var spurningin um hvort boðað yrði til verkfalls, hvort af boðuðu verkfalli yrði og hversu lengi það stæði eftir að það skall á.

Vegna niðurskurðar höfum við þurft að taka erfiðar ákvarðanir og nú í vor lætur af störfum Kristján Rafn Heiðarsson matreiðslukennari. Hann hefur starfað hér svo árum skiptir en námsgreinin er dýr og því verður hún lögð niður en sannarlega með mikilli eftirsjá. Við þökkum honum hans góðu störf. Helga Sóley Kristjánsdóttir leysti Eygló Jónsdóttur af þar til hún fór sjálf í barneignafrí í mars. Guðrún Jónsdóttir, sem hér kenndi um áratuga skeið var kölluð inn til afleysinga fyrir Helgu. Helga reyndist farsæll kennari og fagmaður og við erum henni þakklát fyrir hennar störf. Við þökkum Guðrúnu einnig fyrir en það var gaman að fá hana aftur um stundarsakir.

Verkfallið raskaði starfi okkar auk þess sem mikil vinna hefur falist í að ljúka skólaárinu. Við reyndum að rétta af eins og heimildir leyfðu og reyndum að auki að bjóða námsver í vikunni fyrir páska. Margir nýttu það vel. Engu að síður hvarf nokkur hópur á braut. Sá hópur er þó minni en margir spáðu. Þessar vikurnar hefur verið rætt um styttingu náms til stúdentsprófs og menn greinir mjög á um hvað það merki, hvaða áhrif það hafi og svo framvegis. Mest er rætt um stúdentsprófið sem er eftirsóttasta námsgráða á Íslandi. Í mínum huga er efst á baugi að halda því til haga að það þarf að

skilgreina hvað nemandinn þarf að læra til stúdentspróf, hvernig hann á kost að ljúka því og hvaða þjónustu eigi að veita. Tímabátturinn er kannski ekki tímabær umræða sem slík heldur sveigjanleiki í báðar áttir. Skipulag skólanna þarf að gera fólki mögulegt að stunda námið á eigin forsendum. Það á ekki að halda fólki í framhaldsskóla lengur en þarf. Dæmin eru hér. Í þessum hópi eru nemendur sem luku færri einingum en þeim 17,5 sek kerfið gerir ráð fyrir að lokið sé á önn, mörg luku yfir tuttugu einingum og fimm þrjátíu einingum eða meira þar af einn 33 en annar 37. Sveigjanleikinn er lyklatríðið hér.

Við erum að ná miklum úrbótum í samstarfi okkar við grunnskólana og vinnum það með lðnskólanum og nefnum verkefnið Bæjarbrúnna. Erum að byggja samstarf við Gaflaraleikhúsið. Við erum að setja af stað verkefni tengt læsi svo nokkuð sé nefnt.

Annað áhugamál mitt er að efla skilning á námi utan námsgreina, s.s. í Gettu betur, Morfís og á Vakningardögum. Þar fer fram mikið nám, reynsluöflun og sköpun.

Breytingar í kennsluháttum og námsefni hafa verið áberandi. Nemendur kalla eftir lausnarmiðuðu námi. Meira leitarnámi. Skapandi hugsun og það að hugsa frumlega er ekki meðfæddur eiginleiki.

Þetta er þjálfun. Í kennarahópnum er mikið að gerast, mikið afl á ferð. Við viljum virkja það afl.

Við þurfum að muna að nemendur eru einstaklingar. Þeirra þarfir eru ólíkar. Við megum ekki miða allt við meðaljóninn. Við þurfum að þjóna breiðum hópi því annars hentar starf okkar jafnvel engum þegar upp er staðið. Við reynum að gæta þess að sama gerist ekki í kennslunni. Við biðjum um úrval úrræða og aðferða og þurfum líka svigrúm til að beita þeim. Skólarnir þrír sem eru hér í nágrenni hver við annan vilja marka sér sérstöðu, vera ekki allir eins en á sama tíma vinna þeir saman.

Rétt í lok þessa hluta, vegna þess að hér sitja tveir oddvitar NFF og bíða brautskráningar.

Sköpunargleði og metnaður nemenda fyrir hönd skólans síns, í kórstarfi, í félagsstarfi, í keppnum og á Vakningardögum eru ótrúleg fyrirbæri og það er svo afskaplega gaman að fylgjast með þeim. Það er sannarlega þess virði að vinna með þeim í því og mætti formgera mun markvissar í skólastarfinu.

Ég vil á þessum stað í ræðu minni þakka fyrir samstarfið við þessa tvo frábæru oddvita og alla þá sem að baki þeim stóðu. ...

Alls sýnist mér að á þessari önn hafi nemendur fengið um 5000 lokaeinkunnir og áunnið sér um 8500 einingar. Á bak við hverja einkunn eru að minnsta kosti fimm liðir að jafnaði, líklega fleiri, svo nemendur hafa skilað til námsmats meira en 25000 verkefnum.

Ég gæti farið með fleiri talnaupplýsingar en sleppi því hér. Nemendahópurinn mun koma hér upp í stafrófsröð, án tillits til brauta. Þetta er í anda skiplags skólans.

Það er svolítið margt merkilegt við þennan hóp. Eitt er afburðaárangur margra, eins og þegar hafa verið tekin dæmi um. Annað er að það eru tíu nemendur sem eru við meðaleinkunn 9 og ofar. Og stundum þarf að fara í þriðja aukastaf til að sjá muninn. Ég ætla að lesa efstu tíu.

Það eru:

Benedikt Árni Harðarson	8,9
Bryndís Björk Bergþórsdóttir	8,93
Sigurlaug Rúnarsdóttir	8,99
Ragnheiður Sveinsdóttir	9,04
Anna Ingvarsdóttir	9,09
Arna Hrönn Arnardóttir	9,09
Kristján Theodór Sigurðsson	9,1
Sólrún Traustadóttir	9,22
Guðrún Arnardóttir	9,25
Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir	9,36 í meðaleinkunn og 164 ein. er Dux scholae vorið 2014 og við óskum henni innilega til hamingju með það.

Heiðranir vor 14

Í reglugerð sem samþykkt var í skólanefnd Flensborgarskólans í tilefni af 125 ára afmæli skólans 2007. Voru fyrstu merkin veitt það ár eða 1. júní 2007 á afmælisdegi skólans. Merkin semveitt eru eru tvönnskonar. Gullmerki fyrir 25 ára starf og silfurmerki fyrir 10 ára starf við skólann.

Það er skólanefnd sem veitir þessi merki en það er Bryndís Jóna Jónsdóttir, mannauðsstjóri sem aðstoðar við utanumhald þessara heiðursmerkja.

Gullmerki 2

Unnar Örn Þorsteinsson – kennir ensku auk þess að gegna fjölmörgum öðrum verkum í gegnum árin. Hann hefur starfað í 25 ár við skólann.

Magnús Þorkelsson – (settur) skólameistari – að ákvörðun skólanefndar og fyrrum skólameistara.

Silfurmerki 3

Ragnheiður H. Kristjánsdóttir dönskukennari hefur starfað við skólann frá vorinu 2004.

Tamara Soutourina enskukennari kom til starfa sama ár sem og

Þórunn Andresdóttir sérkennari og sérkennsluráðgjafi sem einnig kom til starfa við skólann 2004.

Það er gæfa þessa skóla að hér vill fólk gjarnan vera lengi. Og í hópi starfsmanna eru sérlega margir fyrrum nemendur, sem mér finnst alltaf ánægjulegt.

Það eru þrír starfsmenn sem láta af störfum vegna aldurs hjá okkur þetta vorið. Þetta eru þrjár kjarnakonur sem allar hafa gefið okkur svo ósköp margt. Ég ætla að kalla þær upp eftir stafrófsröð. Fjóla Rögnvaldsdóttir myndlistakennari hefur starfað hjá okkur í um 30 ár. Hún er starfandi listamaður og tekur þátt í sýningum. Hún hefur einnig skreytt ganga og stofur með listaverkum sínum og nemenda í gegnum árin. Hún hefur sannarlega prýtt líf okkar litum auk þess að vera ötull málsvari listkennslu í skólanum.

Hjördís Bergsdóttir er sérkennari en líka starfandi listamaður og hefur verið að kenna nemendum á starfsbraut allskonar nýjungar í listum. Hún hóf störf hér um aldamótin og hefur tekið þátt í að móta starfsbrautina. Hún hefur líka verið trúnaðarmaður, setið í samstarfsnefnd og svo framvegis. Veit eiginlega ekki hverju hún hefur ekki sinnt í félagsmálum starfsmanna.

Kristín Magnúsdóttir hefur verið hér liðlega fjörutíu ár eða eiginlega alltaf. Hún á svolítið í mér vegna þess að hún er ein af þeim sem tóku mig undir verndarvæng sinn þegar ég hóf kennslu og ég er því búinn að þekkja hana í rúm 30 ár. Hún hefur kennt félagsgreinar og sinnt allskonar trúnaðarstörfum og er ötull málsvari góðra málefna við skólann og í samfélaginu. Ég held hún sé alltaf brosandí og það er alltaf stutt í hlátur og hlýtt viðmót.

Við viljum færa þessum frábæru samstarfskonum og vinum smá þakklætisvott frá skólanum og minna þær á að það er alltaf heitt á könnunni á kaffistofunni okkar.

Einar Birgir Steinþórsson – kveðja

Svona áður en við sleppum Einari niður þá vil ég óska honum velfarnaðar. Það var frábært tækifæri sem hann veitti mér vorið 1998 og ég hef aldrei litið til baka.

Við kvöddum hann svolítið vel í fyrra svo við sýnum hóf núna – honum líkar það. En kæri félagi – farnist þér vel og við biðjum fyrir kveðjur til ástvina þinna.

Skiptinemar

Við njótum þeirra forréttinda oft á tíðum að fá til okkar skiptinema frá öðrum löndum og raunar má ekki gleyma öllum þeim sem fara frá okkur um allan heim. Tilgangur þessara verkefna er að efla skilning milli ólíkra landa og menningarheima. Við vorum sérlega heppin í ár að fá til okkar þrjár yndislegar stúlkur úr þremur ólíkum áttum. Við fengum nemendur sem höfðu verið skiptinemar til að leiðbeina þeim og þökkum þeim kærlega fyrir þeirra vinnu. Það var ekki aðeins að þessar þrjár ynnu hug okkar og hjarta. Þær féllu inn í hópinn og félagslífið og urðu jafnframt bestu vinkonur. Gerðu eiginlega allt sem skiptinema starfið gengur út á. Tvær kynntu fyrir okkur lönd sín á dögunum, meðal annars á íslensku. Þetta eru þær

Annisai Salma Nur Amalina frá Indónesíu,

Jessica Ruth Fleming frá Bandaríkjunum og

Kardelen Deniz Kars frá Tyrklandi.

Nýnemar

Það er nú einhvernvegin þannig að fólk talar alltaf eins og flest versni með árunum. Þetta átti ekki við nýnemahópinn sem við fengum inn í haust. Starfsfólk var á einu máli að annar eins hópur hefði varla sést. Þau voru róleg, vinnufús og yfirmáta kurteis upp til hópa.

Við útskrift á vorönn heiðrum við tvo nýnema sem hafa vakið athygli okkar fyrir frábæran námsárangur. Við viljum helst hafa einn af hvoru kyni en stundum eru þetta tveir drengir og í ár eru það tvær stúlkur. Þetta eru Guðlaug Agnes Kristjánsdóttir og Sigurlaug Rún Jónsdóttir. Guðlaug Agnes er með, eftir veturinn, 9,8 í meðaleinkunn og hefur lokið 47 einingum sem er á við næstum þrjár annir. Eins og nærri má geta eru allar einkunnir hennar upp á 10 nema tvær sem eru níu. Sigurlaug Rún lauk vetrinum með 9,5 í meðaleinkunn og tók 50 einingar í vetur og er þar með búin með 56 einingar. Það er liðlega þriggja anna nám.

Viðurkenningar

Spænska Efnafraeði	Anna Ingvarsdóttir Anna Ingvarsdóttir	Gustur úr djúpi nætur (Federico Garcia Lorca) Vísindabyltingin og rætur hennar
Spænska	Arna Hrönn Árnadóttir	Gustur úr djúpi nætur (Federico Garcia Lorca)
Oddvitar Brons	Arnar Snær Benediktsson Arnar Snær Benediktsson – fyrrum oddviti	Hamingjulönd (Eric Weiner)
Arnar Snær var oddviti skólaárið 2012-2013. Hann fær bronsmerki skólans fyrir að hafa gegnt þessu verkefni af afli og alúð, sem og fjölmörgum öðrum á námstíma sínum.		
Þýska Efnafraeði	Benedikt Árni Harðarson Bryndís Björk Bergþórsd.	Best of Germany , Deutschland Vísindabyltingin og rætur hennar
Sál	Erla Arnadóttir	The Psychology
Íþróttagreinar	Guðrún Arnadóttir	Við góða heilsu? Konur og heilbrigði
Viðsk.greinar	Guðrún Arnadóttir	The economics
Íslenska	Guðrún Arnadóttir	Táknin í málinu (Sölvi Sveinsson)
Þýska	Guðrún Arnadóttir	Best of Germany , Deutschland
Félagsstörf	Ingólfur Grétarsson	Geðorðin 10
Oddvitar Brons	Katrín Ósk Ásgeirsdóttir Katrín Ósk Ásgeirsdóttir – fráfarandi oddviti	Hamingjulönd (Eric Weiner)
Katrín Ósk var oddviti þetta skólaár. Hún fær bronsmerki skólans fyrir að hafa gegnt þessu verkefni af afli og alúð, sem og fjölmörgum öðrum á námstíma sínum.		
Spænska Eðlisfræði	Kristján Theodór Sigurðsson Kristján Theodór Sigurðsson	Gustur úr djúpi nætur (Federico Garcia Lorca) The Particle at the end of the Universe
Kristján með eina níu en annars tíur.		
Alcan	Kristján Theodór Sigurðsson	Sækja föstudag
Alcan	Kristján Theodór Sigurðsson	Ávísun
Bókf. og viðsk.greinar	Marta Rut Guðmundsdóttir	The Business book
Eðlis og efnaf. Eðlisfræði	Ragnheiður Sveinsdóttir Ragnheiður með hreinar tíur og	Náttúran, leiðsögn í máli og myndum.
Franska	Sara Líf Guðbjörnsdóttir	Útlendingurinn (Albert Camus)
Danska	Sigurlaug Rúnarsdóttir	Undskyldningen (Vibeke Holst) Danska sendir.
Enska	Sigurlaug Rúnarsdóttir	Jane Austen (2 bindi)
Franska	Sigurlaug Rúnarsdóttir	Útlendingurinn (Albert Camus)
Eðlisfræði	Sólrun Traustadóttir	The book of time (Adam Hart-Davis)
Íslenska	Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir	Táknin í málinu (Sölvi Sveinsson)
HR	Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir	Dúx skólans - styrkur
Rotary	Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir –	Dúx skólans

Stærðfræði

Einhverjir, þar á meðal fagstjórinn í stærðfræði og sviðsstjóri raungreina hafa líklega tekið eftir því að ekki voru veitt verðlaun í stærðfræði. Það er ástæða fyrir því. Ég minnst þess ekki að það hafi verið ástæða til að verðlauna níu nemendur fyrir stærðfræði. Svo ég ætlaði að fá þau hingað upp til mín öll í einu.

Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir	Síðasta setning Fermats
Þórdís Bakkmann með einkunnina tíu í ellefu áföngum í stæ	
Ragnheiður Sveinsdóttir	Síðasta setning Fermats
Ragnheiður með 9,55 í 33	
Sólrún Traustadóttir	Síðasta setning Fermats
Sólrún 9,18 í 33 ein	
Anna Ingvarsdóttir (9,4 í 30)	Síðustu dagar Sókratesar
Kristján Theodór Sigurðsson	Síðustu dagar Sókratesar
Kristján með 9,7 í 30 ein en	
Arna Hrönn Árnadóttir 9,25 í 24) Afstæðiskenningin	
Benedikt Árni Harðarson (9,5 í 24)	Málsvörn stærðfræðings
Bryndís Björk Bergþórsd.	Málsvörn stærðfræðings
Bryndís 9,88 í meðaltal í 24 ein	
Lilja Rut Ragnarsdóttir (9,38 í 24)	Málsvörn stærðfræðings

Skólasókn loks eru þeir sem eru með 10 í skólasókn en það eru 18 manns.

Adam Haukur Baumruk	Skólasókn	SKS
Aníta Ósk Hrafnadóttir	Skólasókn	SKS
Anna Ingvarsdóttir	Skólasókn	SKS
Benedikt Árni Harðarson	Skólasókn	SKS
Bryndís Björk Bergþórsdóttir	Skólasókn	SKS
Elsa Sigvaldadóttir	Skólasókn	SKS
Emil Stefánsson	Skólasókn	SKS
Erna Einarsdóttir	Skólasókn	SKS
Guðrún Arnadóttir	Skólasókn	SKS
Heiðrún Traustadóttir	Skólasókn	SKS
Ingibjörg Ýr Jóhannsdóttir	Skólasókn	SKS
Lilja Rut Ragnarsdóttir	Skólasókn	SKS
Oddný Árnadóttir	Skólasókn	SKS
Sigurlaug Rúnarsdóttir	Skólasókn	SKS
Sólrún Traustadóttir	Skólasókn	SKS
Steinunn Katla Sævarsdóttir	Skólasókn	SKS
Svavar Níelsson	Skólasókn	SKS
Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir	Skólasókn	SKS

Um Morfís

Ég skal alveg viðurkenna að eftir að ég sá úrslitin í Morfís vorið 2013, í Hörpu þá ákvað ég að ég skyldi gera það sem skólinn gæti til að vinna þessa keppni. Það vantaði svo lítið upp á – fannst mér.

Og þessir krakkar lögðu á sig það sem þurfti. Úrslitakeppnin í Háskólabíóinu var ekkert slor og andstæðingarnir öflugir. En að horfa á hugmyndaauðgina og kraftinn í mínu fólk, áhorfendum og keppendum þá var ég viss um að við ættum þessa keppni og værum að vinna hana.

Ræðuliðið á heiður skilinn og fær bronsmerki skólans að launum með kærri þökk. En ég vil líka heiðra þá Stefán Snæ og Egil Ásbjarnason. Ég fylgdist með þeim í forkeppnunum og þeir sýndu mikla færni í starfi sínu

Skólameistari -Lokaorð

Nú er komið að mér að ljúka þessari athöfn. En áður nokkrar hagnýtar upplýsingar. Þegar ég lýk máli mínu mun þessi glæsilegi hópur syngja Maístjörnuna Ljóð Halldórs Laxness við lag Jóns Ásgeirssonar. Síðan gefum við kórfélögum sem voru að útskrifast kost á að sameinast hópnum sem Hrefna leiðir úr salnum og ég elti. Þau hitta ykkur hér frammi en þar, það er í anddyrinu og á göngum boðið upp á kaffi og eitthvað smávegis meðlæti til að gestir geti staldrað aðeins við og spjallað saman áður en útskriftarhópurinn kemur hingað inn í myndatöku. Og athugið að það er líka kaffi uppi og inn gangana út frá anddyrinu. Á meðan Lárus ljósmyndari tekur ógleymanlega mynd af hópnum bíða áhugasamir myndasmiðir hér frammi. Svo verður opnað inn í salinn og þá fá ættingjar að taka hóflega margar myndir. Myndatakan fyrir skólann hefur sem sé forgang. Á göngum skólans eru fjölmargar myndir af eldri útskriftarárgöngum skólans og er ykkur velkomið að ganga um húsið og skoða þær.

Ég vil misnota aðstöðu mína og þakka samstarfsfólki mínu fyrir veturinn. Ég nýt samvista við þau og að fá að vinna með þeim. Sérstaklega vil ég þó þakka þeim vaska hópi sem kemur að undirbúningi útskriftarinnar, og ætla ekki að telja þau öll upp. En þau sjá til þess að allt gangi hér vel fyrir sig og það er frábært að eiga þau að.

En fyrst þetta:

Kæru útskriftarnemendur

Ég lofaði ykkur stórri og mikilli athöfn ykkur til heiðurs. Þið eruð ekki aðeins stór hópur. Þið spannið líka nokkra árganga. Í hópnum eru spretthlauparar sem fóru í gegn af svo miklu kappi að við höfðum varla undan að fóðra ykkur svo þið fengjuð þá þekkingu, færni og hæfni sem þið vilduð fá. Aðrir fóru í gegn af rósemi og enn aðrir af seiglu og harðfylgi, sama hvernig vindar blésu.

Og þannig er lífið, fullt af ófyrirsjáanlegum verkefnum og áskorunum sem varða munu leið ykkar. Og þið eruð í mikilli æfingu við að leysa verkefni. Notið hana. Flesta daga munuð þið læra eitthvað nýtt og málið er að missa aldrei áhugann á að læra og njóta þess að læra. Líf ykkar mun taka allskonar beygjur. Gleymið því aldrei að láta ykkur langa og dreyma. Það gerðu t.d. ungir rokkarar sem héldu úti ágengum og háværum hljómsveitum sem hétu Stólía og Botnleðja. Þegar ég hitti þessa ungu menn hér í Flensborg fyrir allmörgum árum efast ég um að þá hefði órað fyrir því að mæta á Eurovision í aðalkeppnina, með þingmann með sér. Pollapönkararnir bentu á fáránleika fordómanna. Það er væntanlega þrá og markmið okkar allra – að móta betri heim fyrir okkur sjálf en um leið aðra. Gjöf ykkar til samtakanna Einstök börn er liður í slíku.

Ég velti því gjarnan fyrir mér hvað ég eigi að segja á þessu augnabliki, þegar komið er að lokum athafnarinnar. Ég nefni stundum að það eru ákveðin atriði sem leiða mann til árangurs. Til dæmis að vinna verk sín af ástríðu, vinnusemi og einbeitni. Og þessi atriði birtast aftur og aftur. Gerðu hlutina áhugans vegna, láttu heiðarleikann ráða. Þú átt aldrei að hætta að læra og þannig má lengi telja. Abraham Lincoln sagði einhvern tíma að kreddur hinnar þöglu fortíðar væru ekki nægjanlega góðar fyrir stormasaman samtímann þar sem illeysanleg verkefni virtust hlaðast upp. Hann sagði að verkin sem hann stæði frammi fyrir væru ný og því yrði hann að hugsa á nýja vegu og framkvæma á nýja vegu.

Ef þetta átti við í Bandaríkjunum á 19. öld þá á það við í dag. Verkefni eru ný, kalla á nýja hugsun og nýjar lausnir. Það er margt sem fortíðin geymir og nýtist okkur í dag en við þurfum að leita nýrra átta og nýrra satta í samfélaginu og umhverfi okkar. Við þurfum að leita, spyrja, rökræða og loka málum með sátt og hlíta þeirri sátt. Þannig er lífið. Spurningar, rökræður, lausnir.

Farnist ykkur vel, kíkið við og leyfið okkur, sem eftir sitjum, að heyra af ykkur.

Framtíðina eigið þið. Vegurinn sem þið farið er ykkar vegur. Hann getið þið gengið með öðrum en aðrir ganga hann ekki fyrir ykkur.

Ég segi skólaárinu 2013-2014 lokið.

11.3.2 Skólaslitaræða haustönn 2014 - stytt

Sjá, ennþá rís stjarnan, sem brennur björtust og mildust
á bládjúpum miðsvetrarhimni hins snæpakta lands.
Sjá, ennþá nálgast sú hátíð, sem hjartanu er skyldust
og huggar með fagnaðarsöngvum hvert angur manns.

Formaður skólanefndar, útskriftarefni, starfsmenn og aðrir gestir. Ég býð ykkur velkomin með þessari fallegu vísu eftir Stein Steinarr. Það eru fáar hátíðir sem lita líf okkar jafnsterkum litum og jólin. Þau koma samt ærið oft eiginlega allt í einu yfir mann. Önnin sem virtist svo löng í ágúst er allt í einu liðin. Það er kannski ekki skrítið þegar litið er til þess sem hér er í gangi á hverjum tíma. Á sviði námskrár hefur verið lyft Grettistaki og erum við búin að vinna úr mörgu síðustu mánuði. Meðal þess sem nú skal skoða er hvaða þættir það eru sem við teljum óhugsandi að sé sleppt í framhaldsskólanámi. Og hvar þeim skuli komið fyrir. Þegar slík skipulagsvinna er í gangi þá spyrja menn sig um tilgang skólastarfsins, inntak skólastarfsins og grundvöll námskrárinnar. Þá er gott að eiga mikla sögu og leita í uppruna skólans, jafnvel allt aftur til þess tíma þegar skólinn var stofnaður. Hjónin Þórunn Jónsdóttir og sr. Þórarinn Böðvarsson, prófastur að Görðum á Álftanesi, gáfu stofnfé skólans í minningu sonar síns, Böðvars með þeim orðum að þau vildu að peningarnir rynnðu til fyrirtækis sem „eflt gæti menntun og góða siði meðal almennings í okkar góða föðurlandi.“ Fyrirtækið skyldi verða „alþýðuskóli.“ Ætlunarverk skólans var að veita ... almenna menntun, glæða sálargáfnar, auka þekkinguna og styrkja siðferðislega hæfileika..., að [nemendur] verði hæfir til að standa vel í stöðu sinni sem alþýðumenn...“

Stofnendurnir voru sem sé mjög uppteknir af samfélagslegu hlutverki skólans. Þeir voru vel meðvitaðir um það að nýir tímar væru framundan með hugtökum eins og mannréttindi og frelsi. Frelsinu fylgdi ábyrgð og þeir vissu að þetta snérist um forskeytið sam í orðinu samfélag. Það að vera meðvitaður um að maður gæti/geti beitt sér til góðs og að enginn skyldi sitja hjá. Við viljum að sama skapi efla ábyrgðartilfinningu nemenda, að þeir séu meðvitaðir um rétt sinn og áhrifamátt en jafnframt að þeir muni að réttinum fylgja skyldur. Það mikilvægasta kann að vera sú einfalda hugsun að það sem gildir um mig og minn rétt, gildir um alla hina líka.

Sr. Þórarinn gaf út námsefni og fól bróður Böðvars, Jóni, að sjá um að skipuleggja starf skólans. Hér streymdu fram hugmyndir og nýjungar. Háleitar hugsjónir þessara manna lifa með okkur enn og við höldum áfram að feta í fótspor þeirra.

Vorið 2009 barst okkur hugmyndin um Heilsueflandi framhaldsskóla. Ég efa að okkur hafi órað fyrir stærð þessa verkefnis þegar við fórum af stað. Eða að Flensborgarhlaupið næði þeirri stærð sem það náði í haust og er þá aðeins fátt eitt nefnt. Flensborgarhlaupið var pínulítt draumur sem er orðinn risastórt samfélagslegt verkefni starfsfólks og nemenda. Það var svo stórt að við gátum gefið um 200.000,- krónur til góðgerðarmála fyrir peningana sem söfnuðuðst.

En ef við snúum okkur að skólastarfi haustsins þá gekk móttaka nýnema frábærlega og þrátt fyrir að nokkuð hrykkti í húsinu vegna dansleiks, sem haldinn er nýnemum til heiðurs þá jafnaði það sig og dansleikir nemendafélagsins hafa haft á sér gott orð í þeim húsum sem við leigjum. Samstarfið við NFF hefur gengið sérlega vel, ekki síst í gegnum áfanga í Leiðtogabjálfun sem er skilgetið afkvæmi verkefnisins um Heilsueflandi framhaldsskóla.

Flensborgardagurinn fór fram fyrir fullum sal og með óvæntri uppákomu þar sem starfsmenn gerðu myndband við lag Páls Óskars „Ég er eins og ég er“ og Páll Óskar kom sjálfur og söng undir. Í hefðbundnum kappleikjum dagsins gerðist það helst að starfsmenn unnu nemendur í blöðkubolta, sem sýnir augljósan ávinning þess að ráða unga og fríska kennara til skólans.

Einn afrakstur verkefnisins um Heilsueflandi framhaldsskóla er langþráð hjólaskýli sem sett var í nokkur bílastæði hér fyrir utan. Það tengist þeirri stefnu okkar að fólk nýti önnur farartæki en einkabílinn til að komast til og frá skólanum.

Læsi hefur verið mikið í umræðunni undanfarna mánuði. Við unnum mikið átak í því og fengum mikið hrós frá nemendum. Við höfum líka haldið áfram að þróa fjarnám og gengur vel. Þá höfum við

fengið mikið hrós frá nemendum, starfsmönnum og aðilum utan skólans fyrir vinnu við núvitund og við erum mörg sannfærð um að það starf skipti óskaplega miklu máli.

Þá verð ég að fá að nefna Bæjarbrúna sem er samstarfsverkefni sem unnið er með grunnskólum bæjarins. Við miðum við að hrinda þessu verkefni í framkvæmd og kynningu á vormisseri. Tilgangur bæjarbrúarinnar er að búa til skýrari línur um sveigjanleg skólaskil milli grunnskóla og framhaldsskóla en við bjóðum grunnskólanemendum ýmsa þjónustu nú þegar og þarna er verið að formgera það samstarf.

Við viljum sannarlega leggja áherslu á skapandi nám. Þannig fer myndlist af stað á nýjan leik á vorönn og við erum að þróa leikhús með Gaflaraleikhúsinu. Og eins og heyra má eru kórarnir okkar í miklum og góðum gir ef svo má að orði komast. Mörg okkar heyrðu þá syngja sl. miðvikudag í þessum sal á frábærum tónleikum.

En það er sköpunargleði víðar. Við erum að þróa notkun spjaldtölva en það er verkefni í höndum öflugr en lítills vinnuhóps. Þá eru kennarar hvattir til að nota öpp í sínum og tölvum, það er verið að vinna allskonar efni tengt speglunarkennslu eða vendikennslu. Nýtt þráðlaust net vinnur vel og opnar þannig dyr að nýjum nálgunum og nýju vinnulagi, þó kjarninn og inntakið séu í grunninn þau sömu. Í ýmsu er verið að reyna nýjar nálganir og vinnubrögð og virðast allir sem að því koma taka því vel. Ég segi ekki að tölvukerfið hafi ekki verið að stríða okkur en það stendur til bóta – alveg satt!

Það var svo mikið gleðiefni þegar tveir háskólastúdentar, Klara Guðmundsdóttir og Kristín Fjóra Reynisdóttir, komu hér og lýstu hve vel undirbúningur þeirra hefði gagnast þeim til náms við læknadeild Háskóla Íslands. Áþekkt bréf barst okkur á dögunum frá nýstúdentum frá okkur sem stunda nám við HÍ og við höfum fengið fjölda ábendinga til viðbótar. Víða rekumst við á nemendur okkar í góðum málum og ánægða með dvöl sína hér. Þá fáum við upplýsingar um marga í gegnum umsóknir til Fræðslusjóðs Jóns Þórarinssonar.

Þessi árin logar umræða um það hversu löng námsdvöl í framhaldsskóla eigi að vera. Í þessum hópi útskriftarnema eru 73 nemendur, þar af lýkur 41 nemandi á þremur og hálfu ári. Hér eru krakkar sem komu inn í hægferðir en sóttu í sig veðrið, mörg með sömu látum og lægðirnar sumar undanfarnar vikur. Önnur tóku fáar einingar á önn framan af en luku svo ígildi tveggja ára náms á þremur önnum. Þetta snýst mikið til um viljann og áhugann. Menntun verður aldrei mæld í tíma eða magni. Hún skilar sér til lengri tíma og nemendur eiga að ljúka námi, innan gæsalappa, þannig að þau hafi aflað sér staðgóðrar þekkingar, góðs verklags og öflugrar rökhugsunar. Sumir munu læra til tiltekins starfs en stunda svo störf á allt öðrum vettvangi. Fyrir utan þá menntun sem að ofan er talin þá vona ég að við sendum frá okkur einstaklinga með samfélagslega ábyrgð og vilja til að láta gott leiða af sér. Við þurfum að muna að nemendur eru einstaklingar. Þeirra þarfir eru ólíkar. Við megum ekki miða allt við meðaljóninn. Við þurfum að þjóna fjölbreyttum hópi ólíkra einstaklinga því annars hentar starf okkar jafnvel engum þegar upp er staðið. Við leggjum þetta upp af fagmennsku, stillum upp úrvali úrræða og aðferða og þurfum líka svigrúm til að beita þeim.

Á haustdögum þurfti að kalla inn nokkra nýja og gamla starfsmenn til að aðstoða okkur við forföll. Tveir hætta nú um áramótin en það eru þau John O'Neill, sem kenndi ensku og Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir, sem kenndi efnafræði. Þeim eru þökkud snögg viðbrögð og góð störf, og jafnvel enn frekar afskaplega góða samveru.

Á haustönn 2014 voru um 860 nöfn á skrá hjá okkur. Liðlega helmingur karlar og tæplega helmingur konur. Langstærsti hópurinn stundar nám á félagsfræða- og náttúrufræðibrautum og það eru 157 á íþróttaafrekssviði. 55 nemendur úr grunnskólum bæjarins stunda hér nám og þá er vaxandi hópur í fjarnámi. 90% nemenda eru búsettir í Hafnarfirði.

Afhending prófskírteina

Alls sýnist mér að á þessari önn hafi nemendur fengið um 5000 lokaeinkunnir og áunnið sér um 10700 einingar, það eru rúm 300 námsár m.v. 35 eininga námsár

Í þessum hópi eru 36 nemendur af félagsfræðibraut, sex af málabraut, 19 af náttúrufræðibraut, átta af viðskiptabraut og fimm að ljúka viðbótarnámi til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum. Fjórtán eru með ípróttasvið og ípróttafrekssvið til viðbótar.

Það eru 20 nemendur með meðaleinkunnina 8 eða hærri. Þar skara tvær konur verulega framúr en það er Bára Kristín Björgvinsdóttir, 9,38 af náttúrufræðibraut, ípróttafrekssviði og dúxinn, Elva Björk Ástþórsdóttir, 9,54 einnig af náttúrufræðibraut, ípróttafrekssviði.

Afhending verðlauna og viðurkenninga

Andrea Helgadóttir	Enska	Mjög góðan árangur
Andrea Helgadóttir	Tölvur	Afburða árangur
Aron Ingvar Árdísarson	Efnafræði	Frábæran árangur
Aron Ingvar Árdísarson	Stærðfræði	Mjög góðan árangur og framfarir
Bára Kristín Björgvinsdóttir	Raungreinar	Frábær árangur, Gámaþjónustan
Bára Kristín Björgvinsdóttir	Ípróttafrekssvið	Afburða árangur
Bára Kristín Björgvinsdóttir	Stærðfræði	Afburða árangur
Birgitta Rún Friðriksdóttir	Stærðfræði	Mjög góðan árangur
Edda Karen Birgisdóttir	Stærðfræði	Mjög góðan árangur og framfarir
Elva Björk Ástþórsdóttir	Raungreinar	Frábær árangur, Rio Tinto Alcan
Elva Björk Ástþórsdóttir	Enska	Frábær árangur
Elva Björk Ástþórsdóttir	Ípróttafrekssvið	Afburða árangur
Elva Björk Ástþórsdóttir	Spænska	Afburða árangur
Elva Björk Ástþórsdóttir	Dúx	Rotary
Elva Björk Ástþórsdóttir	Stærðfræði	Afburða árangur
Ingibjörg L.Z. Friðriksdóttir	Stærðfræði	Mjög góðan árangur, Stærðfræðifélagið
Jóhanna Margrét Haraldsdóttir	Íslenska	Mjög góðan árangur
Karen Sif Pujarini Jónsdóttir	Franska	Mjög góðan árangur, Franska sendiráðið
Karen Sif Pujarini Jónsdóttir	Saga	Mjög góðan árangur
Karen Sif Pujarini Jónsdóttir	Stærðfræði	Mjög góðan árangur og framfarir
Katla Tómasdóttir	Danska	Mjög góðan árangur, Danska sendiráðið
Andrea Helgadóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Aníta Ýr Hrafnadóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Anna Sólveig Snorradóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Bára Kristín Björgvinsdóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Berglind Helgadóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Birgitta Rún Friðriksdóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Edda Karen Birgisdóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Elva Björk Ástþórsdóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Hafdís Pálsdóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Jóhanna Margrét Haraldsdóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Karen Sif Pujarini Jónsdóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
María Aldís Garðarsdóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Silja María Albertsdóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Sólrún Ósk Árnadóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Steingrímur Gústafsson	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn
Svandís Roshni Guðmundsdóttir	Skólasókn	Framúrskarandi skólasókn

Lokaorð

Nú fer að líða að lokum þessarar athafnar. En áður nokkrar hagnýtar upplýsingar. Þegar ég lýk máli mínu mun þessi glæsilegi hópur sem stendur hér að baki mér syngja Jólalagið mikla - Heims um ból við lag eftir Franz Gruber og við syngjum ljóðið sem Sveinbjörn Egilsson orti. Okkur þykir það sérlega

hátíðlegt að þeir sem eru hér viðstaddir syngi með og biðjum ykkur að rísa úr sætum á meðan. Fyrir þá sem það vilja þá er ljóðið í dagskrárheftinu

Síðan gefum við kórfélögum sem voru að útskrifast kost á að sameinast hópnum sem Hrefna leiðir úr salnum og ég elti. Þau hitta ykkur hér frammi en þar, það er í anddyrinu og á göngum boðið upp á kaffi og eitthvað smávegis meðlæti til að gestir geti staldrað aðeins við og spjallað saman áður en útskriftarhópurinn kemur hingað inn í myndatöku. Og athugið að það er líka kaffi uppi og ekki einungis hér í anddyrinu. Á meðan Lárus ljósmyndari tekur ógleymanlega mynd af hópnum bíða áhugasamir myndasmiðir hér frammi. Svo verður opnað inn í salinn og þá fá ættingjar að taka hóflega margar myndir. Myndatakan fyrir skólann hefur sem sé forgang. Á göngum skólans eru fjölmargar myndir af eldri útskriftarárgöngum og er ykkur velkomið að ganga um húsið og skoða þær. Það er mér mikilvægt að fá að þakka samstarfsfólki mínu öllu. Þessi hópur er eins og smurð vél. Sérstaklega vil ég þó þakka þeim vaska hópi sem kemur að undirbúningi útskriftarinnar, og ætla ekki að telja þau öll upp. Samstarfsfólkið allt og krakkarnir gera það að verkum að manni leiðist aldrei í vinnunni.

Kæru útskriftarnemendur

Ég lofaði ykkur stórri og mikilli athöfn ykkur til heiðurs. Þið eruð ekki aðeins stór hópur. Þið spannið líka nokkra árganga. Í hópnum eru spretthlauparar sem fóru í gegn af svo miklu kappi að við höfðum varla undan að fóðra ykkur svo þið fengjuð þá þekkingu, færni og hæfni sem þið vilduð fá. Aðrir fóru í gegn af rósemi og enn aðrir af seiglu og harðfylgi, sama hvernig vindar blésu.

Þið eruð nú orðin hluti af þeim hópi sem lauk námi við Flensborg. Sú saga nær aftur um 132 ár. Þegar fram líða stundir getið þið sótt um styrk í Fræðslusjóðinn og án efa munu einhver ykkar snúa aftur og vilja fara að kenna hjá okkur. Eða annars staðar. Sjáum til.

Ég vil hrósa ykkur fyrir framlag ykkar til Krafts, sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur þeirra. Mér þykir afar vænt um að það hafi þróast sú hefð að ráðstafa fjármunum með þessum hætti. Með þessu breytið þið lífi einhvers eða einhverra sem á því þurfa að halda. Á veggnum í stofu B304 standa fimm orð sem eru sögð kjarni Hávamála. Þessi orð lýsa hugsun sem er algeng í mörgum trúarbrögðum og siðakerfum. Orðin eru hugrekki, ekki einungis í orrustum heldur líka í lífinu sjálfu. Kurteisi, hófsemi eða kannski lotning fyrir lífinu, vinátta en jafnframt sjálfstæði. Það er magnað að ímynda sér mann eða menn sem sátu við að koma þessum hugsunum í þetta magnaða ljóð. Þessi orð tengjast og þau eiga enn við. Hávamál kenna okkur að vera vinir vina okkar, að sýna kjark við mótlæti og að við þurfum að standa í eigin fætur en vera albúin að styðja aðra. Þau kenna þeim sem ferðast vilja að „Vits er þörf þeim er víða ratar.“ Þar er átt við þekkingu og kunnáttu en líka hyggjuvit. En í Hávamálum finnast líka viðvaranir. „Að hyggjandi sinni skyli-t maður hræsinn vera.“ = Af viti sínu skal maður ekki hreykja sér...

Fortíðin er það sem við stöndum á. Framtíðin er spennandi og óviss sannarlega. En standið með báða fætur í núinu því það er þar sem allt gerist. Nútíminn – núíð og það sem við gerum hér og nú er það sem lifa mun í huga samferðamanna okkar alla tíð. Orðstír deyr eigi.

Farnist ykkur vel í ykkar framtíð, kíkjið við og leyfið okkur að heyra af ykkur, njótið framtíðarinnar og munið, þó að það rigni þá stytir upp fyrir eða síðar og þó ský dragi fyrir sólu og himinn þá er blái himininn ofar skýjum. Hann verður þar áfram hvað sem á dynur.

Ég segi haustönn 2014 lokið og óska ykkur öllum gleðilegrar hátíðar.

Og nú skulum við syngja Heims um ból